

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember, 2020

Meðfylgjandi er umsögn réttartannlækna sem séð hafa um aldursgreiningar flóttamanna hér á landi frá upphafi, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum (aldursgreining). 151. löggjafarþing 2020-2021, þingskjal 233 — 230. mál.

Virðingarfyllst, f.h. réttartannlækna



Svend Richter

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum (aldursgreining).

Þingskjal 233 — 230. mál.

Flm.: Rósa Björk Brynjólfsdóttir.

Í frumvarpinu er lagst gegn líkamsrannsóknnum við aldursgreiningar og mælst til að þeim sé aðeins beitt sem neyðarúrræði þegar aðrar heildstæðar aðferðir hafa ekki borið árangur. Reyndin er að öll ríki Evrópu nema tvö, Bretland og Slóvenía, beita líkamsrannsóknnum þegar ekki liggja fyrir ábyggileg perónuskilríki. (Annex 4. Overview of the methods and procedural safeguards in use. EASO Practical Guide on age assessment, second ed. EASO, European Asylum Support Office 2018. <https://www.easo.europa.eu/sites/default/files/easo-practical-guide-on-age-assessment-v3-2018.pdf>).

Í greinargerð með frumvarpinu segir: „Viðá hafa aldursgreiningar byggðar á líkamsrannsóknnum verið gagnrýndar, bæði vegna siðferðislegra þátta og vísindalegrar ónákvæmni“

Fullyrðing flutningsmanns fær ekki staðist. Órökstudd og villandi gagnrýni sem vísað er til og flm. hefur tekið þátt í, hefur ekki verið studd þeim rökum að þjóðþing Norðurlanda og Evrópu hafi tekið þau til greina, þar sem aðeins tvö ríki Evrópu beita ekki líkamsrannsóknnum við aldursgreiningar.

Flm.: „Bara svo maður segi það hér, að vera að mæla bein og tennur, [það] hefur svona sögulega tilvísun sem er ekkert sérstaklega geðsleg“ <https://hringbraut.frettabladid.is/frettir-pistlar/tanngreiningar-a-flottabornum-gagnrýndar/>

Í greinargerð kemur fram „Þá hafa komið fram tilmæli frá Evrópuráðinu, Evrópuráðsþinginu og ráðherranefnd Evrópuráðsins þar sem megininntak þeirra er að þegar vafi leikur á því hvort umsækjendur sem sækja um alþjóðlega vernd séu börn skuli þeir ávallt metnir sem börn en ekki sem fullorðnir, og að beitt skuli heildstæðu mati til að reyna að komast að aldri þeirra en ekki tanngreiningum sem eru taldar afar óáreiðanleg aðferð til að mæla aldur barna.“

Þessi fullyrðing er skálduð. Rangt er að þessar stofnanir hafi lagst gegn aldursgreiningum af tönnum „sem eru taldar afar óáreiðanleg aðferð til að mæla aldur barna.“ Engin aðferð til að áætla aldur barna og ungmenna er nákvæmari. Þeir sem hafa séð um aldursgreiningar umsækjanda um vernd frá upphafi hafa beitt sér fyrir því að aldursgreining byggji, auk tannþroska, einnig á beinþroska, til samræmis við önnur Norðurlönd og nánast öll lönd Evrópu. Útlendingastofnun hefur fallist á þau sjónarmið og framvegis verða aldursgreiningar hér á landi byggðar á tann- og beinþroska.

Flutningsmaður leggur til að „faglegt mat eða aðkomu sérfræðinga í málefnum barna, svo sem sálfræðinga eða félagsráðgjafa, til að greina aldur umsækjenda.“

Aðeins tvö ríki Evrópu, Bretland og Slóvenía beita ekki líkamsrannsóknnum til aldursgreininga en styðjast við mat sálfræðinga eða félagsráðgjafa. Við líkamsrannsóknir eru notaðar gagnreyndar, vísindalegar aðferðir sem byggja á rannsóknnum sem viðurkenndar eru af vísindasamfélaginu þar sem fyrir liggja staðalfrávik og öryggismörk. Aldursgreining sem byggir á sálfræðiviðtölum og mati félagsráðgjafa uppfyllir ekki slík skilyrði. Norska

heilbrigðisráðuneytið (Folkehelseinstituttet) lét sérfræðinga kerfisbundið rannsaka birtar greinar sem fjölluðu um aldursgreiningu ungmenna með sálfræðigreiningu á þroska. Leitað var í gagnagrunnum Cochrane Central Register of Controlled Trials (CENTRAL), MEDLINE, Embase, Google Scholar, PROSPERO and Epistemonikos í maí 2018. Af 3.325 titlum og ágrípum virtust í fyrstu 7 greinar uppfylla skilyrði rannsakenda (inclusion criteria) en „*engin þeirra reyndist við nánari skoðun uppfylla skilyrði okkar*“. Niðurstaða rannsóknarinnar var að „*engin fyrirbyggjandi rannsóknargögn liggja fyrir um gagnsemi eða gildi sálfræðilegra þroskaþróa til aldursgreininga*“ (Ding KY MA, Straumann GH, Vist GE. Age estimation in adolescents and young adults by psychological assessment of maturity. Norwegian Institute of Public Health <https://www.fhi.no/globalassets/dokumenterfiler/rapporter/2018/age-estimation-in-adolescents-and-young-adults-by-psychological-assessment-of-maturity-report-2018.pdf>).

Má því færa rök fyrir því að umræddar breytingar á frumvarpi þessu íþyngi umsækjanda um alþjóðlega vernd enn frekar. Ólíklegt er að vafa um aldur umsækjanda sé eytt með sálfræðigreiningu þar sem engar rannsóknir liggja að baki eða styðja slíka greiningu og alltaf þurfi að koma til líkamsrannsókna. Greiningarferlið tekur þannig óhjákvæmilega lengri tíma og skrefum fjölgar.

„Flutningsmaður leggur áherslu á að ferli aldursgreiningar sé skýrt og gagnsætt og að sá sem gætir hagsmuna barnsins sé viðstaddur aldursgreininguna.“

Að framansögðu má ætla að nái þessi breytingartillaga fram að ganga feli hún í sér óljósara og ógangsærra aldursgreiningarferli en nú er, sem fyrir er mjög skýrt og gagnsætt, þvert á tilgang sinn.

Það er mat okkar að það sé fjarri lagi að líkamleg aldursgreining eigi að vera úrræði sem gripið er til ef allt annað þrýtur. Ef yfirvöld meta að ábyggileg skilríki séu ekki til staðar og grunur leikur á að viðkomandi sé ekki barn, er eðlilegt að hann fari í líkamlega aldursgreiningu. Í okkar huga er engin millileið, hverju nafni sem hún nefnist, sálfræðiviðtal til þroska- og aldursgreiningar eða aldursmat félagsfræðinga. Það hefur alls ekkert með það að gera hvort umsækjandi, sem kemur skaddaður frá stríðshrjáðum löndum, fái sálfræðiaðstoð og aðstoð félagsfræðinga. Vonandi fá þeir sem þurfa slíka aðstoð hana. Öll Evrópulönd nema tvö beita líkamlegri aldursgreiningu og gera verður ráð fyrir því að þau líti svo á að ekki sé um neyðarúrræði að ræða.

Í greinargerð kemur fram, „*Líkamsrannsókn skal þá framkvæmd af sérfræðingum í tannlækningum, eða eftir atvikum læknum, sem eru tilnefndir af stjórnvöldum og skal líkamsrannsókn að auki ávallt fara fram í viðurvist sérfræðings á sviði sálfræði barna og unglinga eða í félagsráðgjöf*“

Í ljósi fyrri ábendinga er tillaga flm. í greinargerð um viðurvist sérfræðings á sviði sálfræði barna og unglinga eða í félagsráðgjöf óraunhæf.

Í greinargerð er vísað í málþing hér á landi um framkvæmd aldursgreininga á flóttabörnum 29. mars 2019. Meðal framsögumanna var Tomáš Bocek. Það er rangt að hann hafi á fundinum „*fordæmt íþyngjandi aðferðir við aldursgreiningar sem geti haft þungbær áhrif á líkamlegan, tilfinningalegan og sálrænan þroska barna*“.

Fulltrúi stúdenta sá einn um fordæmingar á fundinum. Sérfræðingum Tannlæknadeildar Háskóla Íslands, sem séð hafa um aldursgreiningar flóttamanna frá upphafi, var ekki boðið að vera á málaskrá fundarins.

Í greinargerð flm. er vísað í ályktun Evrópuráðsþingsins nr. 2295 (2019) frá 27. júní 2019 þar sem vísað er til fyrri ályktunar þess um barnvænar aldursgreiningar fylgdarlausra barna auk þess sem hvatt er til heildstæðs mats. „Í ályktuninni segir m.a. að þingið itreki fyrri afstöðu sína, þ.e. fordæmi iþyngjandi aðferðir við aldursgreiningar sem geti haft þungbær áhrif á líkamlegan, tilfinningalegan og sálrænan þroska barna“. Þessi fullyrðing er röng. Engar fordæmingar er þar að finna sem flm. vísar til (Resolution 2195 (2017)¹, Parliamentary Assambly, Counsel of Europe. <https://pace.coe.int/en/files/24273/html>).

Réttarlæknisfræðilegar aldursgreiningar snúast um það að tryggja börnum rétt sem þau eiga samkvæmt alþjóða sáttmálum t.d. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna og koma í veg fyrir að fullorðnir taki sér þann rétt sem eingöngu er ætlaður börnum. Reynsla á Norðurlöndum er að lang stærstur hluti umsækjanda um vernd, sem segjast vera fylgdarlaus börn, eru í reynd fullorðnir. Þar er Ísland engin undantekning.

Frumvarpið mun ekki bæta rétt barna heldur auðvelda fullorðnum að smeygja sér í raðir barna til að njóta réttarverndar sem börnum eiga að vera tryggð. Með órökstuddum dylgjum og röngum tilvísunum er reynt að grafa undan þeirri aðferðafræði sem best tryggir börnum rétt sinn og langflest lönd Evrópu fylgja.

Réttarlæknisfræðilegar aldursgreiningar eru nákvæmar, notaðar af öllum Evrópuþjóðum utan tveggja til að tryggja réttindi barna. Flutningsmaður gerist sekur um alvarlegar rangfærslur í sínum málflutningi sem standast ekki nánari skoðun.

Lokaorð

Undirrituð er tilbúin að koma á fund Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis til frekari skýringa og upplýsinga, ef óskað er.

Reykjavík 25. nóvember 2020,

Svend Richter, réttartannlæknir, cand.odont, MS, dósent emer. Tannlæknadeild HÍ.
Sigríður Rósa Víðisdóttir, réttartannlæknir, cand.odont, MS, lektor, Tannlæknadeild HÍ.
Guðlaugur J. Jóhannson, réttartannlæknir, cand. odont, MS, stundakennari, Tannlæknadeild HÍ.
Sonja Rut Jónsdóttir, réttartannlæknir, cand.odont. aðjúnt, Tannlæknadeild HÍ.